

Kirkjuþing 2022-2023.

21. mál - þskj. 21.

T I L L A G A

til þingsályktunar um starf verkefnisstjóra umhverfismála.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að verkefnisstjóri umhverfismála verði á ný fast starf en ekki unnið í víkjandi starfsskyldum

Greinargerð.

Umhverfisstarf Þjóðkirkjunnar er viðamikill og mikilvægur þáttur. Í dag er verkefnastjórnun umhverfismála sinnt með víkjandi starfsskyldum héraðsprests Suðurprófastsdæmis. Fyrir vikið hefur of margt setið á hakanum og tafist eða hreinlega orðið út undan vegna ríkjandi starfsskyldna.

Helstu verkþættir þessa starfs hafa verið:

- að sinna hinu græna kirkjustarfi sem felst í því að vinna að því að söfnuðir Þjóðkirkjunnar tileinki sér skref í umhverfisstarfi sbr. vinnubæklinginn „Græni söfnuðurinn okkar“.
- að sinna mótvægisáðgerðum í loftslagsmálum; að halda utan um verkefni er lúta að skógrækt og endurheimt votlendis á c.a. 30 jörðum kirkjunnar, sbr. 23. mál kirkjuþings 2020-2021.
- að halda utan um fundi umhverfishóps kirkjunnar, rita fundargerðir og fylgja eftir málum sem og að fylgja eftir ályktunum kirkjuþings.
- þátttaka í samræmingarhópi umhverfisverkefna og í verkefninu „Faith for Nature“.
- þátttaka í norrænu samkirkjulegu tengslaneti um umhverfisstarf.
- vekja og glæða áhuga fólks til pílgrímagangna og tengsl þeirra við umhverfisvernd og vöxt sálar.
- framkvæmd á skírnarskógarverkefni í samvinnu við prófastsdæmin.
- þátttaka og stjórn umhverfisstarfs á biskupsstofu/rekstarstofu (vinnustaðurinn).
- greining og mat á kolefnisfótspori kirkjulegs starfs.
- kynningar á áherslum Þjóðkirkjunnar og Þjóðkirkjunnar í loftslagsvernd.

Kostnaðaráætlun: 8 milljónir eða hálf laun verkefnisstjóra auk vinnuáðstöðu.